5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 158 23. mars 1984 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. maí 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 189 30. apríl 1985

REGLUGERÐ

um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings og vinnslu innanlands.

I. KAFLI

Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld til framleiðslu á söltuðum grásleppuhrognum.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða annast eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum og gefur út vinnsluleyfi til framleiðenda í byrjun hvers veiðitímabils.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun á grásleppuhrognum skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 177 30. apríl 1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Grásleppuhrogn skal salta í nýjar og hreinar tunnur sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

II. KAFLI

Um meðferð hráefnis, söltun og geymslu á grásleppuhrognum.

3. gr.

Hrogn skulu geymd í luktum ílátum allt frá því er slæging er framkvæmd þar til vinnsla hefst.

4. gr.

Grásleppuhrogn skulu himnuhreinsuð eins fljótt og auðið er. Sigtun hrogna skal ekki taka meira en 12 klukkustundir. Salt og rotvarnarefni skal vigta og hræra vel saman fyrir söltun. Hrognin skal vigta og blanda saman við salt og rotvarnarefni áður en þau eru sett í tunnur. Til að tryggja eðlilega rotvörn og rétta vigt skal fylgja nákvæmlega fyrirmælum Ríkismats sjávarafurða um hrognmagn, saltmagn og rotvarnarefni í hverja framleiðslueiningu (tunnu).

5. gr.

Að söltun lokinni skulu líða 24 klukkustundir þar til pæklun fer fram og tunnum lokað. Tryggja skal að hrognin þrýstist vel niður í tunnuna og pækill fljóti upp.

III. KAFLI
Merking umbúða og úttektarmat.

6. gr.

Hrognatunnur skulu merktar eftirtöldum merkjum: Merki framleiðenda, útflytjenda, söltunardag og Produce of Iceland.

7. gr.

Ríkismat sjávarafurða gefur matsmönnum skriflegar leiðbeiningar og fyrirmæli um framkvæmd eftirlits og mats við framleiðslu grásleppuhrogna. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nauðsynlegar rannsóknir á söltuðum grásleppuhrognum.

8. gr.

Útflytjendur skulu tilkynna Ríkismati sjávarafurða útflutning á hrognum með hæfilegum fyrirvara, sem er að dómi Ríkismats sjávarafurða nægur til þess að framkvæma úttektarmat. Jafnframt ber þá útflytjendum að tilkynna um nettóvigt hrognanna samkvæmt sölusamningi.

9. gr.

Komi fram skemmdir við úttektarmat á grásleppuhrognum ber að stöðva útflutning þeirra og sölu innanlands.

10. gr.

Eigi er heimilt að tollafgreiða til útflutnings grásleppuhrogn nema útflytjandi leggi fram útflutningsvottorð frá Ríkismati sjávarafurða.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Um greiðslur verkenda grásleppuhrogna fyrir vinnsluleyfi og vinnu við yfirtöku- og úttektarmat fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar að lútandi, sem sjávarútvegsráðuneytið gefur út.

12. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar, rísi ágreiningur um skilning á reglugerð þessari.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 38 2. mars 1971, um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1985.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Baldur Jónsson.